



**Nafn námsskrár:**

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum

**Lengd náms:**

300 kennslustundir

**Fjöldi eininga:**

Allt að 24 einingar

**Hverjum ætlað:**

Þeim sem eru að minnsta kosti 23 ára, eru starfandi á vinnumarkaði og hafa hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið almennum bóklegum greinum með prófi.

**1. útgáfa 2008**



<b><i>Inngangur</i></b> .....	<b>1</b>
Forsendur .....	2
Hugtök í námsmarkmiðum .....	3
Lokamarkmið .....	3
Skipulag náms.....	4
<b><i>Námsþættir og lýsingar</i></b> .....	<b>5</b>
Námstækni, sjálfsþekking og samskipti .....	5
Íslenska .....	7
Enska .....	9
Danska .....	11
Stærðfræði .....	13
Mat á námi og námsleið .....	15
<b><i>Mat til styttingar á námi í framhaldsskóla</i></b> .....	<b>16</b>





Námsskrá í almennum bóklegum greinum var unnin sem þróunarverkefni á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins árið 2007. Námið er einkum ætlað þeim sem eru að minnsta kosti 23 ára, eru starfandi á vinnumarkaði og hafa hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið almennum bóklegum greinum með prófi til brautskráningar úr framhaldsskóla.

Námið er 300 kennslustundir og hefur hliðsjón af greinanámsskrám Aðalnámsskrár framhaldsskóla í íslensku, tungumálum, stærðfræði og lífsleikni en með sérstakri áherslu á mismunandi námsnálgun námsmanna og samþættingu námsþátta. Menntamálaráðuneytið leggur til að námsleið þessi verði í boði bæði innan fullorðinsfræðslu og í framhaldsskólum í tilraunaskyni fyrst um sinn.

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta meg þessa námsleið til styttingar á námi í framhaldsskóla allt að 24 einingum en vekur athygli á því að mat á fyrra námi nemenda er á ábyrgð skólameistara viðkomandi framhaldsskóla.

Námsskráin er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem fá heimild Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til að skipuleggja nám samkvæmt henni. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á námið fyrir starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir.

Námsskrá í almennum bóklegum greinum er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að námsmaður geti bætt við þekkingu sína með aðferðum sem hann finnur að henta honum í einstaklingsmiðuðu námi í hópi námsmanna sem, ásamt leiðbeinendum, bera sameiginlega ábyrgð á framvindu námsins og árangri.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfu um að fullorðinsfræðsluaðilar, sem fá heimild hennar til að nota námsskrá þessa, framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA þróar og viðurkennir, einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum. Framhaldsskólar þurfa ekki heimild FA til þess að kenna samkvæmt námsskránni.



Nám og þjálfun í almennum greinum er einkum ætluð þeim sem eru að minnsta kosti 23 ára, eru starfandi á vinnumarkaði og hafa hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið almennum bóklegum greinum með prófi.

Umsækjandi, sem sýnir fram á að hann hafi staðist próf í framhaldsskóla í einum eða fleiri námsþáttum þessarar námsleiðar getur farið fram á að vera undanþeginn tímasókn í viðeigandi námsþætti sem því nemur eða farið fram á að nota tímann til að efla færni sína og þekkingu í öðrum námsþætti/námsþáttum þessarar námsleiðar. Staðið próf í norsku eða sænsku jafngildir sambærilegu prófi í dönsku.

Umsækjandi sem telur sig hafa þekkingu og færni til að standast próf í áföngum samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla, sem þessi námsskrá byggist á, getur óskað eftir að gangast undir raunfærnimat í einum eða fleiri námsþáttum þessarar námsleiðar. Umsækjandi, sem stenst raunfærnimat sem leiðir í ljós að þekking hans og færni er fyllilega sambærileg eða jafngild þeirri sem þarf til að standast próf í sambærilegum áfanga í framhaldsskóla, fær það vottað og getur farið fram á að vera undanþeginn tímasókn í viðeigandi námsþætti sem því nemur eða farið fram á að nota tímann til að efla færni sína og þekkingu í öðrum námsþætti/námsþáttum þessarar námsleiðar. Færni í norsku og sænsku er jafngild færni í dönsku.

Námsleiðin er samtals 300 kennslustundir. Meginmarkmið hennar er að námsmaður bæti við þekkingu sína og færni með aðferðum sem hann finnur að henta honum í einstaklingsmiðuðu námi. Hámarksfjöldi í námsmannahópi er 15.

Í því skyni að hámarka námsárangur er í upphafi náms lagt mat á færni og þekkingu námsmanns í hverjum námsþætti um sig. Námsnálgun hans er einnig könnuð. Á meðan náminu stendur er reglubundið fylgst með framvindu námsins og lagt mat á námsárangur. Snemma á námsleiðinni er námsnálgun hvers og eins könnuð. Nám í einstöku námsþáttum hefst með því að þekking og færni námsmanns er metin með gátlistum fyrir sjálfsmat og fyrir mat leiðbeinanda í viðeigandi námsþætti. Námsnálgun er greind með gátlistum fyrir sjálfsmat og túlkuð með aðstoð leiðbeinanda. Með hliðsjón af mati á stöðu námsmanns í upphafi náms og námsnálgun hans setja leiðbeinandi og námsmaður markmið um framvindu náms og námsárangur. Námsframvinda, þekking og færni er metin reglulega meðan á náminu stendur og viðeigandi ráðstafanir gerðar þegar þess er þörf.

Nauðsynlegt er að námsmaður leggi sig fram í námi sínu jafnframt því að leggja öðrum lið þegar það á við. Nám eins og hér er lýst er á ábyrgð allra sem að því koma. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings. Námsárangur er einnig vitnisburður um aðstæður til náms og árangur samvinnu námsmanna innbyrðis og samstarf leiðbeinanda og námsmanna.

Meginhlutverk leiðbeinanda eru verkstjórn, leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi. Jafnframt því að leggja sig fram um að vinna traust og efla sjálfsöryggi námsmanna verður leiðbeinandi að þekkja og geta brugðist við algengum aðstæðum og ástæðum sem trufla og hindra nám fullorðinna. Leiðbeinandi forðast vélræna framsetningu og gætir þess að laga leiðbeiningar sínar að mismunandi námsnálgun. Um leiðbeiningu, nám og náms efni á við að meiri áhersla er lögð á munnlega tjáningu námsmanna en skrifaða og meiri áhersla lögð á að þeir hlusti fremur en að þeir lesi. Leiðbeinandi leggur sig fram um að framsetning og viðfangsefni skírskoti til veruleika og reynslu námsmanna. Leiðbeinandi ákveður hvenær hann kallar allan hópinn saman til náms, hvenær hann leggur viðfangsefni fyrir í hópvinnu eða einstaklingsvinnu og hann ákveður hvenær nám fer fram á námsstað eða á öðrum vettvangi sem hann telur námi til framdráttar.

Skipuleggjandi sér til þess að aðbúnaður og skipulag á námstíma sé með þeim hætti að það auðveldi námsmanni að ná árangri í námi sínu. Hann sér til þess að leiðbeinendur skipuleggi hvernig þeir samþætta námsefni og námsþætti.



## Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum eru m.a. eftirfarandi hugtök notuð:

- *kynnast*: vita af, vita um, komast í kynni við, vera kunnugt um, geta nefnt eða lýst að nokkru leyti.
- *þekkja*: bera kennsl á, kunna skil á, átta sig á, koma fyrir sig, geta fundið og geta greint á milli, lýst, sagt frá, sýnt, staðfest, vísað til, listað upp, nefnt, raðað eða mælt.
- *skilja*: gera sér grein fyrir og geta útskýrt, túlkað, þýtt, ályktað og gert áætlun, fjallað um, dregið saman, gert útdrátt og geta uppgötvað.
- *auka færni sína*: hafa þjálfað sig og tekið framförum frá því að námið hófst.
- *vera fær um*: hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært viðeigandi vinnubrögð.
- *færni*; fimi, leikni, ráða vel við, er fær um, hefur gott vald á, kann, veit, skilur og getur unnið fljótt, vel og af öryggi.
- *endursögn*; meiri áhersla lögð á efnisskilning og lipra framsögn en nákvæma þýðingu orða.



## Lokamarkmið

Lokamarkmið námsins eru að námsmaður:

- verði fær um að nota námstækni sem hentar námsnálgun hans.
- auki færni sína til að tjá sig á íslensku.
- auki færni sína til að skilja íslensku og endursegja með öðrum orðum.
- auki færni sína til að skilja dönsku og endursegja á íslensku.
- auki færni sína til að tjá sig á dönsku.
- auki færni sína til að tjá sig á ensku.
- auki færni sína til að skilja ensku og endursegja á íslensku.
- verði fær um að tjá sig fyrir framan hóp annarra námsmanna.
- auki færni sína til að afla, vinna úr, varðveita og miðla upplýsingum og þekkingu með tölvu.
- verði fær um að nota tölvuforrit til að leiðrétta ritmál, leita að tölvutæku efni og skipuleggja vinnu sína.
- auki færni sína í talnareikningi og bókstafareikningi.
- auki færni sína til að leysa þrautir og í röklegri framsetningu með stærðfræði.
- verði fær um að vinna verkefni sjálfstætt, skipulega og með öðrum.

- auki færni sína til að læra.
- geti sýnt fram á að hann hafi stundað nám samkvæmt námsskrá þessari í að minnsta kosti 80% af námstíma þeirra námsþátta sem hann hefur skráð sig í.

**Mikil áhersla lögð á að leiðbeinandi og námsmaður fylgist reglulega með framvindu námsins, leggi mat á námsárangur og leitist við að greina og skilja ástæður góðs árangurs og yfirfæra á lakari árangur.**



## Skipulag náms

Námsleið þessi er 300 kennslustundir. Hver kennslustund er 40 mínútur. Í náminu er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám. Námsleiðin hefst með námstækni, sjálfsþekkingu og samskiptum en lýkur með mati á námi og námsleið. Að öðru leyti ákveður skipuleggjandi dagskrá námsleiðarinnar.

Skipuleggjandi skipar umsjónarmann sem sér um kynningu á skipulagi námsins, lítur eftir framkvæmd þess og framvindu auk þess sem hann gerir sér far um að vera trúnaðarmaður námsmanna. Umsjónarmaður er verkstjóri leiðbeinenda.

Leiðbeinendur eru verkstjórar námsmanna auk þess sem þeir aðstoða, leiðsegja og leiðbeina námsmönnum. Leiðbeinandi ákveður hvenær hann kallar allan hópinn saman til náms, hvenær hann leggur viðfangsefni fyrir í hópvinnu eða einstaklingsvinnu. Leiðbeinandi ákveður hvenær nám fer fram á námsstað, með heimavinnu eða á öðrum vettvangi sem hann telur námi til framdráttar. Meiri áhersla er lögð á munnlega tjáningu en skrifaða og meiri áhersla lögð á hlustun en lestur.

Leiðbeinendur hafa með sér samráð um hvernig þeir samþætta námsþætti. Þeim er heimilt að hafa samráð um að leyfa námsmanni sem er vel settur í námsþætti að nota tíma til náms í öðrum námsþætti.

Námsskráin byggist á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþáttur	Kest.
<b>Námstækni, sjálfsþekking og samskipti</b>	<b>32</b>
<b>Íslenska</b>	<b>66</b>
<b>Danska</b>	<b>36</b>
<b>Enska</b>	<b>36</b>
<b>Valáfangar tungumálanáms</b>	<b>60</b>
<b>Stærðfræði</b>	<b>66</b>
<b>Mat á námi og námsleið</b>	<b>4</b>
<b>Samtals</b>	<b>300</b>



Námsmenn hafa misjafna lífsreynslu, læra með mismunandi hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Vægi og innihald námsþátta, skipulag og framsetningu á að laga að þörfum námsmanna eins og kostur er. Leiðbeinendur eiga að laga aðferðir sínar og framsetningu efnis að þörfum fullorðins fólks sem er að reyna sig í námi, jafnvel eftir langt hlé.

Í byrjun námsleiðar er könnuð námsnálgun hvers námsmanns um sig. Í byrjun námsþáttar er þekking og færni námsmanns könnuð. Á grundvelli hennar og á grundvelli Aðalnámsskrár framhaldsskóla setja námsmaður og leiðbeinandi sér markmið um framvindu náms, námsárangur og námsaðferðir með hliðsjón af námsnálgun námsmanns. Meðan á námi stendur meta þeir reglubundið hvort framvinda og árangur eru í samræmi við markmið þeirra og leitast við að skilja ástæður góðs árangurs og yfirfæra á lakari árangur. Undir lok námsleiðar metur leiðbeinandi hvort námsmaður hefur náð markmiðum námsþáttarins. Til hliðsjónar hefur hann gögn um markmið og símat. Ef gögn um markmið og símat eru ekki nægilega traust til að leiðbeinandi geti metið hvort námsmaður hefur náð markmiðum er leiðbeinandi, með samþykki skipuleggjanda eða umsjónarmanns, heimilt að meta með öðrum ráðum hvort námsmaður stenst kröfur Aðalnámsskrár framhaldsskóla í sambærilegum fögum.



### Námstækni, sjálfsþekking og samskipti

32 kennslustundir auk samþættingar við aðra námsþætti.

#### Námsmarkmið

---

Að námsmaður

- kynnist öðrum námsmönnum og leiðbeinendum.
- þekki dagskrá og annað skipulag sem varðar nám hans.
- skilji meginmarkmið og námsaðferðir námsleiðarinnar.
- skilji námsnálgun og námstækni.
- verði fær um að kanna og velja leiðir sem henta honum til að læra.
- verði fær um að setja sér markmið um námsframvindu og meta hana reglulega.
- auki sjálfstraust sitt og færni til að tjá sig í hópnum.
- þekki samhengi milli sjálfstrausts og framkomu og áhrif þeirra í samskiptum.
- þekki helstu þætti sem hafa áhrif á sjálfstraust og aðferðir til að byggja upp sjálfstraust sitt.
- þekki grundvallaratriði góðra mannlegra samskipta og mikilvægi þeirra fyrir vellíðan og árangur í námi og starfi.
- auki færni sína til að hagnýta sér tölvu í námi, starfi og daglegu lífi.
- auki færni sína til að læra.
- verði færari um að vinna skipulega og með öðrum.
- skilji mikilvægi símenntunar.

## Námslýsing

---

Höfuðáhersla er lögð á að námsmenn skilji meginmarkmið námsleiðarinnar, námsaðferðir og að námsmaður geri sér grein fyrir námsnálgun sinni og finni námstækni sem á vel við hann auk þess að hann kynnist öðrum námsmönnum, efli sjálfstraust sitt og færni í mannlegum samskiptum. Áhersla er á helstu atriði sem hafa áhrif á nám þ. á m. upplag hvers og eins, áhuga, virkni, reglufestu og einbeitingu. Fjallað er um hugkortagerð, glósur, undirstrikun, minnistækni, lestraraðferðir, hlustun og upprifjun. Æfð notkun ritvinnslu, samskiptaforrits, leiðréttingarforrits, töflureiknis, vafra, orðabóka og annarra tölvuforrita og búnaðar sem verður notaður við námið. Einnig samstarf námsmanna og samstarf þeirra og leiðbeinandans. Fjallað er um helstu áhrifaþætti í mannlegum samskiptum, einkum áhrif sjálfstrausts á framkomu og ákveðni, óákveðni og ágengni í samskiptum. Einnig er lögð áhersla á leikni til að hlusta, að gagnrýna, að taka við gagnrýni og að leysa ágreining. Fjallað um einstaklingsmiðað og samþætt nám, sjálfstýrt nám, sjálfsmat, stöðumat, markmiðssetningu, símat, jafningjamat, jafningjafræðslu, samþættingu, námsnálgun og námstækni. Lýst er hlutverkum, skyldum og réttindum námsmanna, leiðbeinanda og skipuleggjanda, tímaáætlun, aðbúnaði og aðstöðu. Kynnt notkun tölvuforrita og annars búnaðar í tölvu sem verður notaður við leiðsögn og nám.

## Námsaðferð

---

Leiðbeinandi dregur fram aðalatriði námstækni, námsnálgunar og mannlegra samskipta, útskýrir þau og tengir notagildi þeirra við nám, áhugamál, starf og daglegt líf. Leiðbeinandi stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni til að varpa ljósi á námsnálgun og til að æfa námstækni og mannleg samskipti.

Áhersla er lögð á að námsmaður auki færni sína í námstækni, hlustun, lestri, ritun, samræðum, frásögn, málflutningi og annarri framsetningu með hliðsjón af mati á stöðu sinni, námsnálgun og markmiðum um framvindu náms og námsárangur.

Leiðbeinandi gerir sér far um að haga leiðbeiningum sínum og framsetningu með hliðsjón af mismunandi námsnálgun. Hann leggur áherslu á úrvinnslu verkefna og þá einkum með umræðum og hópstarfi.

Námstækni er þjálfuð með námsnálgun sem hentar námsmanninum og námsdagbók hans. Námsnálgun fær stuðning af framsetningu leiðbeinanda og úrvinnsluaðferðum.

Námsmenn nota eftir því sem við á margmiðlunarbúnað í tölvu, vafra, ritvinnslu, leiðréttingarforrit, les- og skrifþjón. Eftir atvikum vinna námsmenn einir, í hópum eða allir saman. Leiðbeinandi er verkstjóri og leiðsögumaður námsmanna.

## Námsefni

---

T.d. efni frá leiðbeinanda. Námskrá, efni um skipulag námsins og kynning á leiðbeinendum. Færnimappa með eyðublöðum og gátlistum fyrir sjálfsmat, mati á stöðu sinni, könnun á námsnálgun, námsdagbók og markmið um námsframvindu og reglubundið mat á henni. Tölvur og tölvuforrit sem verða notuð í náminu.



## Námsmarkmið

---

Að námsmaður

- auki færni sína í hlustun, lestri, ritun, samræðum og frásögn á íslensku.
- auki færni sína til að nota rafrænar og prentaðar orðabækur til að auka orðaforða sinn, skilning á íslensku máli og til að auka færni sína í íslensku.
- auki færni sína til að nota ritvinnslu, samskiptaforrit, leiðréttingarforrit, vafra og margmiðlunarbúnað í tölvu til að auka færni sína í íslensku.
- þekki helstu reglur um málfræði, stafsetningu, greinamerkjasetningu og setningafræði og geti beitt þeim.
- þekki dæmi um stílsnið í töluðu og rituðu máli og geti gert greinarmun á þeim.
- auki færni sína til að hagnýta sér tölvu í námi, starfi og daglegu lífi.
- auki færni sína til að læra.
- verði færari um að vinna sjálfstætt, skipulega og með öðrum.

## Námslýsing

---

Megináhersla er lögð á að auka orðaforða, bæta skilning og auka þekkingu í stafsetningu, réttritun, málfræði, setningafræði og stílsniðum til að auka færni í munnlegri og skriflegri framsetningu og tjáningu. Fjallað er um undirstöðuatriði íslenskrar réttritunar, málfræði, setningafræði og stílsniða í töluðu og rituðu máli. Einnig er lögð áhersla á vandaða endursögn á íslensku úr erlendum málum.

## Námsaðferð

---

Í byrjun námsþáttarins er þekking og færni námsmanns könnuð. Á grundvelli hennar og á grundvelli Aðalnámskrár framhaldsskóla setja námsmaður og leiðbeinandi sér markmið um framvindu náms, námsárangur og námsaðferðir með hliðsjón af námsnálgun námsmannsins. Á meðan námi stendur meta þeir reglubundið hvort framvinda og árangur er í samræmi við markmið þeirra og leitast við að skilja ástæður góðs árangurs og yfirfæra á lakari árangur.

Námsmaður færir námsdagbók með það fyrir augum að auka námsárangur sinn og til að fylgjast með ástundun og framvindu námsins. Námsmaður og leiðbeinandi nota námsdagbókina einnig til þess að leiða í ljós það sem hefur tekist vel í náminu og hvers vegna til þess að meta hvort þá niðurstöðu er hægt að nota til að bæta heildarnámsárangur. Ásamt leiðbeinanda metur hann reglubundið árangur námsins.

Áhersla er lögð á að námsmaður auki færni sína í íslensku, hlustun, lestri, ritun, samræðum, frásögn, málflutningi og annarri framsetningu með hliðsjón af mati á stöðu sinni, námsnálgun og markmiðum um framvindu náms og námsárangur.

Leiðbeinandi gerir sér far um að haga leiðbeiningum sínum og framsetningu með hliðsjón af mismunandi námsnálgun. Hann leggur áherslu á úrvinnslu verkefna og þá einkum með

umræðum og hópstarfi. Leiðbeinandi ákveður hvenær hann kallar allan hópinn saman til náms, hvenær hann leggur viðfangsefni fyrir í hópvinnu eða einstaklingsvinnu. Leiðbeinandi ákveður hvenær nám fer fram á námsstað, með heimavinnu eða á öðrum vettvangi sem hann telur námi til framdráttar.

Íslenska er einnig þjálfuð með munnlegri og skriflegri endursögn verkefna úr erlendum málum og framsetningu verkefna og þrauta í stærðfræði.

Námstækni er þjálfuð með námsnálgun sem henta námsmanninum og námsdagbók hans. Námsnálgun fær stuðning af framsetningu leiðbeinanda og úrvinnsluaðferðum.

Námsmenn nota eftir því sem við á margmiðlunarbúnað í tölvu, vafra, ritvinnslu, leiðréttingarforrit, les- og skrifþjón. Eftir atvikum vinna námsmenn einir, í hópum eða allir saman. Leiðbeinandi er verkstjóri og leiðsögumaður námsmanna.

## Námsefni

---

Leiðbeinandi velur námsefni sem hann telur nauðsynlegt til að ná árangri í samræmi við megináherslu og leiðbeinir um val á öðru námsefni. Námsefni er einkum valið með hliðsjón af notagildi fyrir eða skírskotun til starfs, áhugamála, einkalífs, sögulegra eða frétt-næmra atburða nema námsmaður eða leiðbeinandi velji annað af sérstökum ástæðum. Uppsláttarrit um íslenskt mál, ritvinnsla og leiðréttingarforrit.

Endursögn á íslensku úr dönsku og ensku auk framsetningar og úrlausna verkefna og þrauta í stærðfræði getur verið meðal námsefnis í íslensku.



36 kennslustundir samþættar með öðrum námsþáttum. Einn eða tveir valáfangar, 30 kennslustundir hvor, geta bæst við.

### Námsmarkmið

---

Að námsmaður

- auki færni sína í hlustun, lestri, ritun, samræðum og frásögn á ensku.
- verði fær um að eiga dæmigerðar samræður á ensku sem ferðamaður og við ensku-mælandi ferðamenn heima fyrir.
- verði fær um að skilja dæmigert lesmál og talmál um starf sitt, fjölskyldu, hugðarefni og/eða frétt næma viðburði.
- auki færni sína til að nota ritvinnslu, samskiptaforrit, leiðréttingarforrit, vafra og margmiðlunarbúnað í tölvu til að auka færni sína í ensku.
- auki færni sína til að nota ensk-íslenska (tölvu)orðabók, enska samheitaorðabók í ritvinnslu, ensk-enska orðabók á Netinu auk íslenskrar samheitaorðabókar til að auka færni sína í ensku og til að endursegja á íslensku.
- auki færni sína til að hagnýta sér tölvu í námi, starfi og daglegu lífi.
- auki færni sína til að læra.
- verði færari um að vinna sjálfstætt, skipulega og með öðrum.

Að námsmaður sem tekur boði um valáfanga

- auki færni sína í að skilja enskt lesmál og talmál um starf sitt, fjölskyldu, hugðarefni og/eða frétt næma viðburði.
- auki færni sína í að tjá sig skriflega og munnlega á ensku um starf sitt, fjölskyldu, hugðarefni og/eða frétt næma viðburði.

### Námslýsing fyrsta áfanga enskunáms

---

Megináhersla er lögð á að námsmaður auki færni sína í að tala ensku, skilja enskt tal og vandi alla endursögn sína úr ensku á íslensku. Einnig er lögð áhersla á hlustun, lestur, samskipti, frásögn og ritun í samræmi við mat á stöðu hans í ensku og framvindu námsins.

### Námslýsing fyrri valáfanga enskunáms

---

Unnið með fjölbreyttara og flóknara hlustunar- og lesefni en það sem notað var í fyrsta áfanga enskunámsins. Enskt ritmál og talmál er æft jafnframt les- og hlustunarefni. Lögð er áhersla á aukinn orðaforða, meiri færni til að tjá sig á ensku og vandaða endursögn á íslensku.

### Námslýsing síðari valáfanga enskunáms

---

Unnið með fjölbreyttara og flóknara hlustunar- og lesefni en það sem notað var í fyrri valáfanga enskunámsins. Enskt ritmál og talmál er æft jafnframt les- og hlustunarefni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, aukinn orðaforða, meiri færni til að tjá sig á ensku og vandaða endursögn á íslensku.

## Námsaðferð

---

Í byrjun námsþáttarins er þekking og færni námsmanns könnuð. Á grundvelli hennar og á grundvelli Aðalnámskrár framhaldsskóla setja námsmaður og leiðbeinandi sér markmið um framvindu náms, námsárangur og námsaðferðir með hliðsjón af námsnálgun námsmannsins. Á meðan námi stendur meta þeir reglubundið hvort framvinda og árangur eru í samræmi við markmið þeirra og leitast við að skilja ástæður góðs árangurs og yfirfæra á lakari árangur.

Námsmaður færir námsdagbók með það fyrir augum að auka námsárangur sinn og til að fylgjast með ástundun og framvindu námsins. Námsmaður og leiðbeinandi nota námsdagbókina einnig til þess að leiða í ljós það sem hefur tekist vel í náminu og hvers vegna til þess að meta hvort þá niðurstöðu er hægt að nota til að bæta heildarnámsárangur. Ásamt leiðbeinanda metur hann reglubundið árangur námsins.

Áhersla er lögð á að námsmaður auki færni sína í ensku, hlustun, lestri, ritun, samræðum, frásögn og endursögn á íslensku með hliðsjón af mati á stöðu sinni, námsnálgun og markmiðum um framvindu náms og námsárangur.

Leiðbeinandi gerir sér far um að haga leiðbeiningum sínum og framsetningu með hliðsjón af mismunandi námsnálgun. Hann leggur áherslu á úrvinnslu verkefna og þá einkum með umræðum og hópstarfi. Leiðbeinandi ákveður hvenær hann kallar allan hópinn saman til náms, hvenær hann leggur viðfangsefni fyrir í hópvinnu eða einstaklingsvinnu. Leiðbeinandi ákveður hvenær nám fer fram á námsstað, með heimavinnu eða á öðrum vettvangi sem hann telur námi til framdráttar.

Námstækni er þjálfuð með námsnálgun sem hentar námsmanninum og námsdagbók hans. Námsnálgun fær stuðning af framsetningu leiðbeinanda og úrvinnsluaðferðum.

Skilningur er þjálfður með munnlegri og skriflegri endursögn milli íslensku og ensku. Einnig með lestri, hlustun og tjáningu á ensku.

Íslenska er þjálfuð með vandaðri munnlegri og skriflegri endursögn úr ensku á íslensku.

Námsmenn nota eftir því sem við á margmiðlunarbúnað í tölvu, vafra, ritvinnslu, leiðréttingarforrit, les- og skrifþjón. Eftir atvikum vinna námsmenn einir, í hópum eða allir saman. Leiðbeinandi er verkstjóri og leiðsögumaður námsmanna.

## Námsefni

---

Námsefni er eftir atvikum ákveðið af leiðbeinanda eða valið af námsmanni. Efnislega er námsefni valið með hliðsjón af starfi, fjölskyldu, frétt næmum atburðum og/eða áhugamálum námsmanns. Framsetning þess er valin með hliðsjón af námsnálgun hans. Námsefni er einkum tölvutækt efni, s.s. hljóðskrár í tónhlöður, tölvur og farsíma, enskunám á diskum eða sótt á Netið, fjölfræðibækur, handbækur og uppflettirit, ensk-íslensk, íslensk-ensk og ensk-ensk orðabók, teikningar, ljósmyndir, kvikmyndir, sjónvarpsefni, útvarpsefni, hlaðvarp, dagblöð, tímarit, bækur og leiðbeiningar sem hafa skírskotun til starfs, fjölskyldu, áhugamála, frétt næmra viðburða og fjallar um algeng viðskipti og samskipti heimamanna og ferðalanga eða annað hagnýtt efni sem námsmaður og leiðbeinandi velja.

Endursögn ensku á íslensku og íslensku á ensku auk framsetningar og úrlausnar verkefna og þrauta í stærðfræði geta verið meðal námsefnis í ensku.



36 kennslustundir samþættar með öðrum námsþáttum. Einn eða tveir valáfangar, 30 kennslustundir hvor, geta bæst við.

### Námsmarkmið

---

Að námsmaður

- auki færni sína í hlustun, lestri, ritun, samræðum, frásögn og endursögn.
- verði fær um að eiga dæmigerðar samræður á dönsku sem ferðamaður í Danmörku og við ferðamenn heima fyrir.
- verði fær um að skilja dæmigert lesmál og talmál um starf sitt, fjölskyldu, hugðarefni og/eða fréttæma viðburði.
- auki færni sína til að nota ritvinnslu, samskiptaforrit, leiðréttingarforrit, vafra og margmiðlunarbúnað í tölvu til að auka færni sína í dönsku.
- auki færni sína til að nota dansk-íslenska (tölvu)orðabók, danska samheitaorðabók í ritvinnslu, dansk-danska orðabók á Netinu og íslenska samheitaorðabók til að auka færni sína í dönsku og til að endursegja á íslensku.
- auki færni sína til að hagnýta sér tölvu í námi, starfi og daglegu lífi.
- auki færni sína til að læra.
- verði færari um að vinna sjálfstætt, skipulega og með öðrum.

Að námsmaður sem tekur boði um valáfanga

- auki færni sína í að skilja danskt lesmál og talmál um starf sitt, fjölskyldu, hugðarefni og/eða fréttæma viðburði.
- auki færni sína í að tjá sig skriflega og munnlega á dönsku um starf sitt, fjölskyldu, hugðarefni og/eða fréttæma viðburði.

### Námslýsing fyrsta áfanga dönskunáms

---

Megináhersla er lögð á að námsmaður auki færni sína í að tala dönsku, skilja danskt tal og vandi alla endursögn sína úr dönsku á íslensku. Einnig er lögð áhersla á hlustun, lestur, samskipti, frásögn og ritun í samræmi við mat á stöðu hans í dönsku og framvindu námsins.

### Námslýsing fyrri valáfanga dönsku

---

Unnið með fjölbreyttara og flóknara hlustunar- og lesefni en það sem notað var í fyrsta áfanga dönskunámsins. Danskt ritmál og talmál er æft jafnframt les- og hlustunarefni. Lögð er áhersla á aukinn orðaforða, meiri færni til að tjá sig á dönsku og vandaða endursögn á íslensku.

## Námslýsing síðari valáfanga dönsku

---

Unnið með fjölbreyttara og flóknara hlustunar- og lesefni en það sem notað var í fyrri valáfanga dönskunámsins. Dansk ritmál og talmál er æft jafnframt les- og hlustunarefni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, aukinn orðaforða, meiri færni til að tjá sig á dönsku og vandaða endursögn á íslensku.

## Námsaðferð

---

Í byrjun námsþáttarins er þekking og færni námsmanns könnuð. Á grundvelli hennar og á grundvelli Aðalnámskrár framhaldsskóla setja námsmaður og leiðbeinandi sér markmið um framvindu náms, námsárangur og námsaðferðir með hliðsjón af námsnálgun námsmannsins. Á meðan námi stendur meta þeir reglubundið hvort framvinda og árangur eru í samræmi við markmið þeirra og leitast við að skilja ástæður góðs árangurs og yfirfæra á lakari árangur.

Námsmaður færir námsdagbók með það fyrir augum að auka námsárangur sinn og til að fylgjast með ástundun og framvindu námsins. Námsmaður og leiðbeinandi nota námsdagbókina einnig til þess að leiða í ljós það sem hefur tekist vel í náminu og hvers vegna til þess að meta hvort þá niðurstöðu er hægt að nota til að bæta heildarnámsárangur. Ásamt leiðbeinanda metur hann reglubundið árangur námsins.

Áhersla er lögð á að námsmaður auki færni sína í dönsku, hlustun, lestri, ritun, samræðum, frásögn, málflutningi og annarri framsetningu með hliðsjón af mati á stöðu sinni, námsnálgun og markmiðum um framvindu náms og námsárangur.

Leiðbeinandi gerir sér far um að haga leiðbeiningum sínum og framsetningu með hliðsjón af mismunandi námsnálgun. Hann leggur áherslu á úrvinnslu verkefna og þá einkum með umræðum og hópstarfi. Leiðbeinandi ákveður hvenær hann kallar allan hópinn saman til náms, hvenær hann leggur viðfangsefni fyrir í hópvinnu eða einstaklingsvinnu. Leiðbeinandi ákveður hvenær nám fer fram á námsstað, með heimavinnu eða á öðrum vettvangi sem hann telur námi til framdráttar.

Námstækni er þjálfuð með námsnálgun sem hentar námsmanninum og námsdagbók hans. Námsnálgun fær stuðning af framsetningu leiðbeinanda og úrvinnsluáðferðum.

Skilningur er þjálfaður með munnlegri og skriflegri endursögn milli íslensku og dönsku. Einnig með lestri, hlustun og tjáningu á ensku.

Íslenska er þjálfuð með vandaðri munnlegri og skriflegri endursögn úr dönsku á íslensku.

Námsmenn nota eftir því sem við á margmiðlunarbúnað í tölvu, vafra, ritvinnslu, leiðrétt-ingarforrit, les- og skrifþjón. Eftir atvikum vinna námsmenn einir, í hópum eða allir saman. Leiðbeinandi er verkstjóri og leiðsögumaður námsmanna.

## Námsefni

---

Námsefni er eftir atvikum ákveðið af leiðbeinanda eða valið af námsmanni. Efnislega er námsefni valið með hliðsjón af starfi, fjölskyldu, frétt næmum atburðum og/eða áhugamálum námsmanns. Framsetning þess er valin með hliðsjón af námsnálgun hans.

Námsefni er einkum tölvutækt efni, s.s. hljóðskrár í tónhlöður, tölvur og farsíma, enskú nám á diskum eða sótt á Netið, fjölfræðibækur, handbækur og uppflettirit, dönsk-íslensk, íslensk-dönsk og dönsk-dönsk orðabók, kvikmyndir, sjónvarpsefni, útvarpsefni, hlaðvarp, dagblöð, tímarit, bækur og leiðbeiningar sem hafa skírskotun til starfs, áhugamála, frétt næmra viðburða og fjallar um algeng viðskipti og samskipti heimamanna og ferðalanga eða annað hagnýtt efni sem námsmaður og leiðbeinandi velja.

Endursögn dönsku á íslensku og íslensku á dönsku auk framsetningar og úrlausna verkefna og þrauta í stærðfræði geta verið meðal námsefnis í dönsku.



### Námsmarkmið

---

Að námsmaður

- auki færni sína í rökfastri framsetningu og til að leysa verkefni og þrautir með nákvæmni og á góðri íslensku.
- auki færni sína til myndrænnar framsetningar talnaefnis, að lesa úr og skýra út.
- auki færni sína til að reikna rúmmál, flatarmál, yfirborð og ummál hyrninga og hringlaga forma, einnig með einni óþekktri stærð.
- auki færni sína til að reikna hornaföll og hnit.
- auki færni sína í bókstafareikningi, hlutfallareikningi, tugabrotareikningi og prósentureikningi.
- auki færni sína til að reikna með hjálp tölvu.
- auki færni sína til að setja fram og leysa viðfangsefni og þrautir sem tengjast starfi, hugðarefni, einkalífi, frétt næmum eða sögulegum atburðum með talnareikningi, bókstafareikningi og röklegri framsetningu.
- auki færni sína til að hagnýta sér tölvu í námi, starfi og daglegu lífi.
- auki færni sína til að læra.
- verði færari um að vinna sjálfstætt, skipulega og með öðrum.

### Námslýsing

---

Meginviðfangsefni eru talnareikningur, bókstafareikningur, jöfnur með einni óþekktri stærð, hlutföll og prósentur, rökfræði og sannanir, rúmfræði, þríhyrningar, horn við hring, flatarmál, rúmmál og yfirborð, hornaföll og hnitakerfið.

### Námsaðferð

---

Í byrjun námsþáttarins er þekking og færni námsmanns könnuð. Á grundvelli hennar og á grundvelli aðalnámsskrár framhaldsskóla setja námsmaður og leiðbeinandi sér markmið um framvindu náms, námsárangur og námsaðferðir með hliðsjón af námsnálgun námsmannsins. Á meðan námi stendur meta þeir reglubundið hvort framvinda og árangur eru í samræmi við markmið þeirra og leitast við að skilja ástæður góðs árangurs og yfirfæra á lakari árangur.

Námsmaður færir námsdagbók með það fyrir augum að auka námsárangur sinn og til að fylgjast með ástundun og framvindu námsins. Námsmaður og leiðbeinandi nota námsdagbókina einnig til þess að leiða í ljós það sem hefur tekist vel í náminu og hvers vegna til þess að meta hvort þá niðurstöðu er hægt að nota til að bæta heildarnámsárangur. Ásamt leiðbeinanda metur hann reglubundið árangur námsins.

Áhersla er lögð á að námsmaður auki færni sína í stærðfræði, hlustun, lestri, ritun, samræðum, frásögn, málflutningi og annarri framsetningu með hliðsjón af mati á stöðu sinni, námsnálgun og markmiðum um framvindu náms og námsárangur.

Leiðbeinandi gerir sér far um að haga leiðbeiningum sínum og framsetningu með hliðsjón af mismunandi námsnálgun. Hann leggur áherslu á úrvinnslu verkefna og þá einkum með umræðum og hópstarfi.

Námstækni er þjálfuð með námsaðferðum sem henta námsmanninum og með viðeigandi forritum í tölvu eða öðrum viðeigandi hjálpartækjum fyrir stærðfræðináms. Námsdagbók er færð reglulega og fylgst með framvindu námsins og námsárangri reglulega.

Íslenska er þjálfuð með framsetningu og úrvinnslu verkefna og þrauta. Skilningur í ensku og dönsku er þjálfaður með viðfangsefnum á viðkomandi tungumáli.

Áhersla er lögð á myndrænar útskýringar, hagnýta stærðfræði og hlutbundnar lausnir á vettvangi. Leiðbeinandi annast verkstjórn og leiðsögn í námi. Hann ákveður hvenær námsmaður vinnur sjálfstætt eða með öðrum. Hann gerir sér far um að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi námsnálgun og færni námsmanna. Leiðbeinandi ákveður hvenær hann kallar allan hópinn saman til náms, hvenær hann leggur viðfangsefni fyrir í hópvinnu eða einstaklingsvinnu. Leiðbeinandi ákveður hvenær nám fer fram á námsstað, með heimavinnu eða á öðrum vettvangi sem hann telur námi til framdráttar.

Áhersla er lögð á að munnleg framsetning leiðbeininga sé ekki vélræn heldur fjölbreytt og studd skýringamyndum og skírskoti til raunveruleika námsmanna og notagildis stærðfræði og talnareiknings fyrir þá. Viðfangsefni, dæmi og þrautir hafi skírskotun eða notagildi fyrir starf, hugðarefni, einkalíf eða til að greina fréttæma atburði og annað sem hefur tengingu við veruleika námsmanns eða mikilvæga sögulega atburði.

## **Námsefni**

---

T.d. efni frá leiðbeinanda og STÆ 103 eftir Jón Þorvarðarson. Efni sótt á vefinn.

Verkefni og þrautir í stærðfræði geta verið á íslensku, ensku eða dönsku.



### Námsmarkmið:

---

Að námsmaður

- skilji ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra.
- skilji stöðu sína að loknu námi.

### Námslýsing

---

Höfuðáhersla er lögð á að meta námsárangur, námsefni, námsaðferðir, leiðbeiningar, aðbúnað og skipulag á uppbyggilegan hátt. Áhersla er lögð á að námsmaður geri sér grein fyrir því sem hann hefur lært og uppgötvað auk þess að hann geti dregið það saman til að útskýra og álykta. Einnig er lögð áhersla á sanna og uppbyggilega framsetningu á mati.

Ef gögn um markmið og símat eru ekki nægilega traust til að leiðbeinandi geti metið hvort námsmaður hefur náð námsmarkmiðum er leiðbeinanda, með samþykki skipuleggjanda eða umsjónarmanns, heimilt að meta með öðrum ráðum hvort námsmaður stenst kröfur Aðalnámskrár framhaldsskóla.

### Námsaðferð

---

Við lokamat er beitt sjálfsmati, jafningjamati, umsögnum leiðbeinanda, umræðum og hópstarfi. Einnig viðhorfskönnun, sem tekur á skipulagi, aðbúnaði, námsefni, námsaðferðum og framsetningu leiðbeinanda. Enn fremur eru sjálfsmat, mat á stöðu sinni og símat borin saman og ályktað um beinan og óbeinan árangur af náminu.

### Námsefni

---

T.d. námsskráin, sjálfsmat, stöðumat, símat, námsdagbók og gátlistar fyrir mat og viðhorfskannanir á námsefni, námsaðferðum, leiðbeiningum og skipulagi, væntingum, árangri og álitum.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi *Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum* til styttingar á námi í framhaldsskóla allt að 24 einingum. enda sé árangur námsmanns fullnægjandi. Nám og námsþættir í námsleið þessari eru metnir á móti eftirtöldum áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA:

ÍSL	102	Íslenska
ÍSL	202	Íslenska
DAN	102	Danska
ENS	102	Enska
STÆ	102	Stærðfræði
STÆ	122	Stærðfræði
UTN	103	Upplýsinga- og tölvunotkun
NÁM	101	Námstækni
TJÁ	102	Tjáning og samskipti

Auk fjögurra eininga eftir vali námsmanns: DAN 202, DAN 212, ENS 202, ENS 212.

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. Framlögð gögn um fyrra nám, t.d. staðfestingu frá leiðbeinanda í þessari námsleið.
2. Starfsferilsskrá.
3. Viðtöl við einstakling, þar með talið sjálfmat.
4. Stöðupróf.

**Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla. Hyggist námsmaður halda áfram námi í almennum bóklegum greinum í framhaldsskóla kann það að krefjast frekari undirbúnings í þessum námsgreinum.**






**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.** var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

**Hlutverk** hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins** vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

**Starfsemin** beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

**Markmiðið** er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS

[www.frae.is](http://www.frae.is), sími 599 1400